

Til: Alsherjar og menntamálanefndar Alþingis.

Frá: Margréti Esther Erludóttur.

Efni: Umsögn er varðar vistun barna af opinberum aðilum.

Alþingi 15.3.2021
 Málsnr.: 210/112
 Málafylki: 0.34.2

Kynning:

Ég undirrituð skrifa hér með aðstoð manns míns Ragnars Kr. Agnarssonar, enda ég án menntunar. Sjálf misti ég móður mína tæplega fimm ára, 1976. Eftir það að þá markaðist uppvöxtur minn af ferðalagi þar sem barnið ég var haft sem bolti á sparkvelli fullorðina þó mest barnaverndaryfirvalda. Heimili þar sem ég var vistuð á voru þrjú góð sveitaheimili þar sem ég enn rækta venskap við það góða fólk sem þar bjó. Þá voru heimili rekin af Sjúkrahúsi Reykjavíkur tvö að tölu. Eftir að hafa verið vistuð af heimili reknu af Sjúkrahúsi Reykjavíkur á svokallað sveitaheimili (einkaheimili samv. skilgreiningu lögmanna ráðuneyta), þar sem ég var kvalin, marín, barín og nauðgað af syni forstöðumanns og síðar af forstöðumanni. Lifandi vitni er af þessu sem tilbúið er að stíga fram verði eftir því kallað. Þá lifir sonur forstöðumannsins en forstöðumaðurinn drap sig fáum árum eftir að ég var send úr þessari illu vist minni, en fostöðukonan dó fyrir u.þ.b fimm árum eða fimm árum eftir að ég hóf að sækja rétt min til miska og viðurkenningar. En á þessu heimili var mér fylgt eftir af félagsfræðingum þess heimilis sem vistaði mig á umrætt heimili. Um það vitna fjöldi af skýrslum og umsögnum um mig. Þessar skýrslur og umsagnir eru m.a til vistaðar hjá umboðsmanni Alþingis. Var ég næst vistuð aftur að heimili því er hafði sent mig til þessarra vistar (Sjúkrahús Reykjavíkur). Eftir vistun á nefndu heimili (S.R.) virðist ég hafa fengið nýja greiningu og var vistuð á þrjú heimili er heyrðu undir Svæðisskrifstofu fatlaðra (nú Landsamtökin þroskahjálp).

Þá vill ég hér mótmæla venjubundnum fyrirlætti lögmanna ráðuneytanna um að langur tími frá vistun minni og að eingin gögn séu til, sem röngum málflutningi.

Umsögn:

Ég fagna mjög þeirri þingsáliktunartillögu sem fram er komin og tekur á vistun barna á fóstur og / eða einkaheimilum enda er hér um vegferð að ræða sem ef að lögum verður markar endir á tíu ára löngu baráttumáli mínu fyrir viðurkenningu og miska fyrir mig og önnur börn sem vistuð voru af opinberum aðillum á fósturheimili, einkaheimili eða einkarekna stofnun á árum áður. Í tíma talið að þá eru vistannir mínar ekki langt frá okkur í dag og því má ætla að þessi ljóta saga endurtaki sig ef þessi mál vistunarmál verða ekki kláruð og Barnaverndarnefndir ekki gerðar ábyrgar fyrir uppvexti barna á þeirra vegum.

Í upphafi tillögunnar er farið yfir hvaða heimili hlutu náð stjórnvalda til að rannsókn færi fram. Er þarna um opinberara stofnannir að ræða, heimili rekin með tilstuðlan hins opinbera líkt og Kumbravog þar sem börn voru á breiðu aldursbili líkt og var um það heimili sem ég var vistuð á. Þá er þarna að finna stúlkaheimilið Bjarg sem rekið var af Hjalpræðishernum, Landakotskólinn sem rekin er af Kapólska söfnuðinum og svo má lengur upp telja. Bara ekki einkaheimil og / eða fósturheimil þar sem börn hlutu skaða af dvölinni. Er nú ekki ljóst að mikil mismunun er gerður til uppvaxtar barna og

réttur sumra barna fyrir borð borinn? Og er ekki skýrt að jafnvel Jafnræðisregla hinnar íslensku stjórnarskrá er brotinn? Ég spyr enda bara óenntaður leikmaður sem látin var horfa á eftir skólabilinum á vistunar heimili mínu.

Í þingsáliktunartillögum er farið yfir lagasetningar er varða vistannir barna á stofnunum og heimilum fyrst er þar að nefna lög frá 2007 og næst 2010 en þarna er lögín skýr og afmarkaður hópur barna gefinn kostur á viðurkenningu á illri meðferð gegn sér og miska af þeim sökum (sanngirnibætur). Gott mál. Þá eru lög frá 2015 þar sem opnað er fyrir rannsókn og bætur vegna misgjörða og illra meðferðar á börnum er námu við Landakotskóla. Gott mál, en hvað með önnur börn? Börn vistuð á einkaheimilum og / fósturheimilum sem eiga enn ekki stað innan laganna og þeim er áfram refsað. Já refsað því þau vona að fá tækifæri m.a á viðurkenningu, sálfræðiþjónustu, námi og miska vegna varanlegs tjóns á líkama og sál. Þá er og að víkja að nýjum lögum samþykktum á Alþingi hinn 16. des. s.l. og tóku gildi 1. jan. 2021. Lög um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum fyrir fötluð börn. Lagasetningu þessarri ber að fagna og er hún löngu tímabær, en enn og aftur spyr ég; hvað með önnur börn? Þá ber að halda inni eldri lögum um sanngirnibætur. LOKAUPPGJÖR sem er titill hinna nýju laga lýsir aðeins ljótum leik stjórnvalda. Orið LOKAUPPGJÖR verður að afmá.

Vík ég nú að nauðsyn þess að börn sem vistuð voru af opinberum aðillum á einkaheimili og / eða fósturheimili fái stað innan laganna á sanngjarnan hátt. Ég segi hér á sanngjarnan hátt því ég sem hér tjái mig með aðstoð mins manns hef um tíu ára skeið eða frá 11.maí 2011 barist fyrir að fá rétt minn til viðurkenningar á illri meðferð á barninu mér í uppvexti mínum og þá sér í lagi á þeim sveitabæ (einkaheimili) er ég var vistuð á. Í þessu sambandi hef ég skrifað mörg bréf inni ráðuneytin, fyrst 11.maí 2011, þar sem Erna Agnarsdóttir lagði erind fyrir þáverandi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, næst velferðarraðuneyti og loks dómsmálaráðuneyti. Upplifun mín hefur verið þvergirðingsháttur af hálfu lögmannna ráðuneytanna, þeir gjarnan rökþrota gegn skýrslum þeim og sálfræðimati er ég hef lagt framm. Oft hef ég leitað til umboðsmanns Alþingis til að knýja á um svör, fá leiðbeiningu og skýringar á málum mínum. Þá var síðust beiðnum mínum til dómsmálaráðuneytis um fund ekki svarað, þrátt fyrir ýtrekannir þar um. Orið þvergirðingsháttur nota ég þar sem það er skilda vadsmanna að kanna heimili þar sem barn hefur verið barið og því nauðgað. Þessu var ekki synt af dómsmálaráðuneyti. Ekki ætla ég að þreyta menn á frekari lýsingum frá mér en bendi enn og aftur á skildu löggjafans að bæta í lögín þannig að öli börn fá rétt til viðurkenningar, miska og þjónustu til sálfræði aðstoðar og menntunnar. Þingsáliktunartillaga þessi er mjög þarft mál sem börn fortíðar býða lagsetningar á. Máli mínu til stuðnings legg ég hér fram tvö bréf úr safni mínu:

Fylgibréf:

30.júní 2020. Umboðsmaður Alþingis T. G. / Til: Margrét Esther Erludóttir.

04.des. 2017. Úrskurðarnefnd um sanngirnibætur. / Til: Margrét Esther Erludóttir.

Með vinsemd og virðingu, Margrét Esther Erludóttir og Ragnar Kr. Agnarsson, eiginmaður sem aðstoðaði við gerð umsagnar um nefnda þingsáliktunartillögu.

Margrét Esther Erludóttir, [REDACTED]

Ragnar Kristján Agnarsson, [REDACTED]

estherkureki@hotmail.com

Heimili: Lautarsmári 49. 201-Kópavogur. Sími: 8469500.

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10413/2019

Reykjavík, 30. júní 2020

Margrét Esther Erludóttir
Lautarsmára 49
201 Kópavogi

I

Ég vísa til erindis yðar frá 17. febrúar sl. þar sem þér kvartið yfir afgreiðslu ráðuneytis dómsmála á málum tengdum vistun yðar á vegum barnaverndaryfirvalda á fimm tilgreindum stöðum. Í fyrsta lagi lýtur kvörtunin að því að ráðuneytið hafi ekki upplýst með hvaða hætti vistheimilanefnd tók ákvörðun um hvaða vistheimili skyldu rannsökuð, í öðru lagi að því að ráðuneytið hafi 16. apríl 2018 lokað máli yðar varðandi kröfu um sanngirnisbætur, þ.e. synjað kröfu yðar um bætur, og í þriðja lagi að afstöðu þess til villandi upplýsinga frá gjaf-sóknarnefnd sem höfðu í för með sér fjárútlát fyrir yður.

II

1

Varðandi fyrsta atriði kvörtunarinnar vísið þér til gagna vegna fyrri kvartana til mín og réttar allra til þess að ráðuneytið upplýsi með hvaða hætti ákvörðun var tekin um rannsókn á stofnunum og heimilum vegna misgjörða gagnvart börnum. Fram kemur að þér teljið ákvarðanir um hvaða heimili, stofnanir og börn sættu rannsókn vistheimilanefndar hafa verið óljósar.

Ákvarðanir um hvaða stofnanir og heimili vistheimilanefnd myndi kanna voru teknar á árunum 2008-2012. Eins og kom fram í bréfi mínu til yðar, dags. 28. desember 2018, í tilefni af kvörtun yðar sem hlaut málsnúmerið 9776/2018 í málaskrá skrifstofu minnar, kemur fram í 5. gr. laga nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, að dómsmálaráðherra setji nefndinni erindisbréf sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar, þ. á m. til hvaða starfsemi könnun nefndar taki og það tímabil sem könnunin beinist að. Ég bendi yður því á möguleikann á að óska eftir umræddum upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu.

2

Þér hafið áður leitað til mín vegna þess atriðis í kvörtun yðar er lýtur að því að dómsmálaráðuneytið hafi synjað kröfum yðar um sanngirnisbætur með bréfi, dags. 16. apríl 2018, og hlaut sú kvörtun númerið 9776/2018 í málaskrá skrifstofu minnar. Með bréfi, dags. 28. desember 2018, tilkynnti ég yður að ég hefði ekki forsendur til að líta svo á að synjun ráðuneytisins á að taka kröfur yðar til meðferðar hefði ekki verið í samræmi við lög enda lagi ekki fyrir um þau heimili sem kröfur yðar vörðuðu skýrsla vistheimilanefndar eða önnur skýrsla sem ráðherra hefði, að fenginni umsögn nefndarinnar, ákveðið að yrði lögð til grundvallar því að slík krafa yrði tekin til meðferðar.

Nú liggur fyrir að með bréfi, dags. 27. nóvember sl., hafnaði ráðuneytið því að nánar tilgreindar skýrslur sem þér lögðu fram yrðu lagðar til grundvallar við ákvörðun bóta til yðar. Í bréfi ráðuneytisins er vísað til þess að það sé skilyrði þess að aðrar skýrslur en skýrslur vistheimilanefndar verði lagðar til grundvallar því að krafa um sanngirnisbætur verði tekin til meðferðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, að þær feli í sér könnun á starfsemi viðkomandi heimilis.

Þar eð ofangreindur áskilnaður um „könnun á starfsemi viðkomandi heimilis“ kemur ekki fram berum orðum í lögnum var dómsmálaráðuneytinu ritað bréf 14. apríl sl., sem þér fenguð afrit af, og þess óskað að ráðuneytið skýrði nánar hvaða lagasjónarmið búi að baki þeirri afstöðu að af ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 47/2010 leiði að til þess að „aðrar skýrslur“ verði lagðar til grundvallar meðferð á kröfu um sanngirnisbætur sé nauðsynlegt að þær feli í sér könnun á starfsemi viðkomandi heimilis. Enn fremur var þess óskað að ráðuneytið upplýsti um hvernig það afmarki hugtakið „könnun á starfsemi“ í þessu samhengi. Svar ráðuneytisins barst mér með bréfi, dags. 13. maí sl., og gaf ég yður kost á að koma á framfæri athugasemdum við það.

Í svari ráðuneytisins er vísað til athugasemda frumvarps til laga nr. 117/2015, um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (sanngirnisbætur vegna Landakotsskóla), þar sem fram koma meginkröfur til skýrslu svo að hún megi verða grundvöllur meðferðar á kröfu um sanngirnisbætur. Að mati ráðuneytisins vísa þessar kröfur til markmiða könnunar og meginverkefna vistheimilanefndar sem fram koma í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 og eru sem hér segir:

- a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.

- d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Að mati ráðuneytisins uppfylltu gögn þau er þér lögðu fram til grundvallar kröfu um greiðslu sanngirnissóta 1. mars 2019 ekki framan- greind skilyrði og fólu þar með ekki í sér „könnun á starfsemi við- komandi heimilis“ í umræddum skilningi.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 26/2007 sagði meðal annars:

„Markmið könnunar samkvæmt frumvarpi þessu er að staðreyna eins og kostur er hvort þau börn, sem vistuð voru á árum áður á opinberum vist- eða meðferðarheimilum, hafi sætt illri meðferð meðan á dvöl þeirra stóð. Í því samhengi verður að skoða starfsemi stofnunar heildstætt og hlutverk hennar samkvæmt þeirri löggjöf á sviði barnaverndarmála sem var í gildi á þeim tíma sem um ræðir. [...] Starf nefndar á grundvelli frumvarpsins á að leggja grundvöll að tillögugerð til stjórnvalda um frekari viðbrögð. Þá skal fjallað um hvaða lardóm megi draga af niðurstöðum könnunar- innar og gera tillögur sem ætlað er að koma í veg fyrir að brotinn verði réttur á börnum í opinberri forsjá. [...] Þá skal nefndin leggja á það mat hvort og þá hvernig skuli brugðist við af hálfu stjórnvalda gagnvart þeim sem kunna að hafa í reynd sætt illri meðferð, ef könnunin leiðir slíkt í ljós.“ (Alþt. 2006-2007, A- deild, bls. 5710.)

Samkvæmt lögum nr. 26/2007 og lögskýringargögnum að baki þeim má lýsa starfsgrundvelli og hlutverki vistheimilaneftndar svo að henni sé ætlað að safna skipulega saman og/eða afla fáanlegra gagna og vitnisburða um starfsemi þeirra stofnana sem hér um ræðir á tilteknum tímabilum, vinna úr upplýsingunum á fyrir fram skilgreindum almennum forsendum og skila skýrslum þar sem þær eru settar fram með skipulegum hætti og eftir atvikum gerð grein fyrir mati og ályktunum nefndarinnar um þær. Þeim skýrslum er síðan eftir atvikum ætlað að vera almennur grundvöllur undir frekari ákvarðanatöku stjórnvalda um málefni vist- og meðferðarheimila sem áður voru rekin af ríkinu, almennt séð eða einstakra stofnana. Í samræmi við almennt hlutverk nefndarinnar dregur hún almennar ályktanir um líkindi þess að börn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra á viðkomandi stofnun stóð.

Með setningu laga nr. 47/2010 var ákveðið að veita skýrslum og niðurstöðum vistheimilaneftndar töluvert vægi við sönnunarmat þegar kæmi að því að leysa úr bótakröfum á einstaklingsbundnum grundvelli, sbr. 2. mgr. 9. gr. þeirra laga, en við lagasetninguna lá fyrir að sönnun vistmanns fyrir því að hann hefði orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi og varanlegum skaða af þeim sökum gæti reynst erfið ef hefðbundnum sönnunarkröfum yrði veitt vegna þess tíma sem liðinn er frá því að vistun átti sér stað. Af þeim ástæðum var slakað nokkuð á sönnunarkröfum en þó gert ráð fyrir því að líkur þyrftu að standa til að bótaskilyrði laganna teldust uppfyllt. (Sjá þskj. 860 á 138. lögjafarþingi 2009-2010.)

Með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 47/2010, sbr. lög nr. 117/2015, var ráðherra veitt heimild til að ákveða að aðrar skýrslur en þær sem

svokölluð vistheimilanevnd hefði gert yrðu lagðar til grundvallar meðferð á kröfu um sanngirnisbætur. Hyggist ráðherra nýta sér þessa heimild er þó áskilið að vistheimilanevnd veiti umsögn um skýrsluna. Í athugasemdum þeim er dómsmálaráðuneytið vísar til í svari við fyrirspurn minni kemur og fram að eðlilegt sé að við mat sitt á slíkri skýrslu noti nefndin sambærilegt mat og hefði skýrslan verið unnin af henni og geri kröfu um fagleg og óhlutdræg vinnubrögð skýrsluhöfunda. Þá verði að vera rík ástæða fyrir því að lög um sanngirnisbætur séu látin gilda í slíkum tilvikum, t.d. með vísan til jafnræðisreglu eða eftirlitsskyldu ríkisins. (Sjá þskj. 60 á 145. löggjafarþingi 2015-2016.)

Ekki verður annað ráðið af orðalagi bráðbirgðaákvæðisins en að ráðherra hafi svigrúm til ákvörðunar um hvaða kröfur hann geri til skýrslu af umræddu tagi, svo fremi að þær byggist á málefnalegum sjónarmiðum. Því verður ekki séð að ráðherra sé óheimilt að ákveða að krefjast þess að slík skýrsla sé byggð á almennum viðmiðum sem eru sambærileg við þau sem lögð eru til grundvallar skýrslum vistheimilanevndar með tilliti til þess að leiða í ljós hvort skilyrði bótagreiðslna samkvæmt lögum nr. 47/2020 séu fyrir hendi.

Með vísan til framangreinds og eftir að hafa kynnt mér þau gögn sem þér lögðu fram með erindi yðar til dómsmálaráðuneytisins 1. mars 2019, annars vegar mat sálfræðings á yður frá 2016 og hins vegar bréf félagsráðgjafa á Mæðraheimilinu frá árinu 1993 til vistunarsviðs Reykjavíkurborgar þar sem hann kemur á framfæri upplýsingum um frásögn yðar um illa meðferð, tel ég mig ekki hafa forsendur til að gera athugasemd við þá niðurstöðu dómsmálaráðuneytisins að þau verði ekki lögð til grundvallar meðferð á kröfu um sanngirnisbætur vegna dvalar yðar á heimilinu að Auðkúlu I á árunum 1984-1986. Í því sambandi bendi ég á að samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu væri slíkri „annarri skýrslu“ ætlað að koma í stað skýrslu vistheimilanevndar við sönnunarmat við ákvörðunartöku um hvort bótaskilyrði séu fyrir hendi en ekki leiða til frekari athugunar á starfsemi viðkomandi heimilis eða stofnunar, aðbúnaði eða meðferð vistmanna eða því hvernig opinberu eftirliti með því var háttað.

Að framangreindu sögðu tek ég fram að á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir 150. löggjafarþing 2019-2020 var frumvarp til laga um breytingu á lögum um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010. Í athugasemdum í greinargerð með drögum að frumvarpinu, sem birt var í samráðsgátt 26. febrúar sl., er m.a. vísað til umsagnar yðar um áform að breytingum á lögnum en tekið fram að ef ákveðið verði að skoða málefni fósturbarna sem voru vistuð á barnsaldri á einkaheimilum á vegum barnaverndaryfirvalda muni það verða sérstakt mál. Enn sem komið er hafi ekki verið tekin ákvörðun um að hefja slíkt mál. Frumvarpið var hins vegar fellt af þingmálaskrá við endurskoðun hennar í apríl sl. vegna heimsfaraldurs COVID-19. Endanleg gerð frumvarpsins liggur

þannig ekki fyrir og þingleg meðferð þess hefur ekki farið fram. Það kann því enn að vera möguleiki á lagasetningu um þær aðstæður sem þér byggðið kröfur yðar á.


3

Ég skil þriðja atriði kvörtunar yðar svo að þar sé vísað til afstöðu dómsmálaráðuneytisins sem fram kemur í bréfi þess til mín, dags. 22. mars 2019. Samkvæmt því er í raun um sama atriði að ræða og ég fjallaði um í bréfi mínu til yðar, dags. 7. maí 2019, í tilefni af kvörtun yðar sem fékk málsnúmerið 9912/2018 í málaskrá skrifstofu minnar. Þar rakti ég ástæður þess að ég teldi ekki forsendur til þess að líta svo á að þér hefðu mátt hafa réttmætar væntingar samkvæmt hlutlægum mælikvarða um að þóknun yrði greidd vegna aðstoðar lögmanns sem þér nutuð við gerð kröfu og aðra ráðgjöf um greiðslu sanngirnisbóta. Jafnframt gerði ég grein fyrir, með vísan til laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ég teldi það vera verkefni dómstóla að taka afstöðu til mögulegrar kröfu um greiðslu lögmannskostnaðar, sem borin væri fram á grundvelli skaðabótaréttar. Þar eð kvörtun yðar nú byggist ekki á gögnum umfram þau sem lágu fyrir þegar ég lauk áður nefndri umfjöllun lét ég nægja að vísa til hennar.

III


Með vísan til alls framangreinds og a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis lét ég málinu hér með lokið.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson

LJÓSRIT



Umboðsmaður Alþingis
Templarásundi 5
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 13. maí 2020
Tíiv.: DMR20040086/0.14.1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 14. apríl sl. sem varðar kvörtun Margrétar Estherar Erludóttur yfir afgreiðslu dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. nóvember sl., á kröfu hennar um greiðslu sanngirnissbóta frá 1. mars 2019. Í fyrr greindu svari ráðuneytisins var því hafnað að krafa Margrétar yrði tekin til meðferðar á grundvelli framlagðra gagna, þ. á m. bréfs félagsráðgjafa á Mæðraheimilinu til vistunarsviðs Reykjavíkurborgar þar sem fram kom frásögn Margrétar um illa meðferð á einu heimilinu.

Í erindi yðar er þess óskað að ráðuneytið skýri nánar hvaða lagasjónarmið búi að baki þeirri afstöðu ráðuneytisins, að af ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 47/2010 um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, leiði að til þess að „aðrar skýrslur“ verði lagðar til grundvallar meðferð á kröfu um sanngirnissbætur sé nauðsynlegt að þær feli í sér könnun á starfsemi viðkomandi heimilis. Enn fremur er þess óskað að ráðuneytið upplýsi um hvernig það afmarki hugtakið „könnun á starfsemi“ í þessu samhengi.

Við fyrri afgreiðslu lagði ráðuneytið mat á þau gögn sem Margrét Esther Erludóttir hafði lagt fram til grundvallar kröfu sinni um sanngirnissbætur, þ. á m. tilvitnað bréf félagsráðgjafa á Mæðraheimilinu til vistunarsviðs Reykjavíkurborgar um illa meðferð Margrétar Estherar á einu heimili. Ráðuneytið mat framlögð gögn þannig að þau fælu í sér ófullnægjandi könnun á umræddum heimilum og komist að þeirri niðurstöðu að gögnin hafi ekki fullnægt áskilnaði bráðabirgðaákvæðis laga nr. 47/2010 um sanngirnissbætur.

Í athugasemdum frumvarps er varð að lögum nr. 117/2015, um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (sanngirnissbætur vegna Landakotsskóla), er gerð nánari grein fyrir þeim skilyrðum sem skýrslur á grundvelli ákvæðisins þurfa að jafnaði að uppfylla svo unnt sé að leggja þær til grundvallar meðferð kröfu um sanngirnissbætur. Miðað er við að skýrslurnar skulu standast fagleg og óhlutlæg vinnubrögð, að rík ástæða þurfi að vera fyrir því að lög um sanngirnissbætur séu látin gilda um tilvikin og að vistheimilanefnd noti sambærilegt mat og hefði skýrslan verið unnin af sjálfri nefndinni. Að mati ráðuneytisins er með þessu verið að vísa til markmiða könnunar og meginverkefna vistheimilanefndar sem lýst er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Samkvæmt téðu ákvæði eru markmið könnunarinnar eftirfarandi:

- a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum


og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.


- b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
- c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.
- d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Að teknu tilliti til framangreindra þátta, var það mat ráðuneytisins að þau gögn sem Margrét Esther lagði fram til grundvallar kröfu sinni frá 1. mars 2019 um greiðslu sanngirnisbóta, hafi ekki staðist skilyrði laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Með vísan til 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 47/2010 og athugasemda frumvarps er varð að lögum nr. 117/2015, um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (sanngirnisbætur vegna Landakotsskóla), sem og 2. gr. laga nr. 26/2007, var það mat ráðuneytisins að skilyrði skorti fyrir því að taka kröfuna til frekari meðferðar. Af þeirri ástæðu var kröfu Margrétar Estherar Erludóttur frá 1. mars 2019 hafnað af hálfu ráðuneytisins þann 27. nóvember sl.

Um afmörkun ráðuneytisins á hugtakinu „könnun á starfsemi“ vísast til ofangreindrar umfjöllunar og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Guðmundur Órvar Bergþórsson

Úrskurðarnefnd um sanngirnibætur
Túngötu 14, 101 Reykjavík

Margrét Esther Erludóttir
Lautasmári 49
201 Kópavogur

Reykjavík, 4. desember 2017

Efni: Framsending erindis til úrskurðarnefndar um sanngirnibætur.


Þann 6. september 2017 barst úrskurðarnefnd um sanngirnibætur erindi þitt þar sem óskað var eftir því að nefndin tæki til meðferðar kröfu þína um sanngirnibætur vegna illrar meðferðar og kynferðisbrota sem þú hafir orðið fyrir á vistheimilinu Dalbraut 12 í Reykjavík, vistheimilinu að Kleifarveg 15 í Reykjavík, vistheimilinu Víðihlíð 9 og 11 í Reykjavík, heimilinu að Auðkúlu 1 í Húnaþingi og vistheimilinu að Njörvasundi 2 í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 47/2010 um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, tekur úrskurðarnefnd um sanngirnibætur afstöðu til krafna um sanngirnibætur þegar skilyrðum laganna er fullnægt. Það er að um sé að ræða varanlegan skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2010 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn (Vistheimilanefnd). Skv. 2. gr. laga nr. 47/2010 verða mál ekki tekin til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni fyrr en skýrsla vistheimilanefndar um viðkomandi stofnun liggur fyrir og gerð hefur verið innköllun sýslumanns. Vistheimilanefnd hefur ekki fjallað um vistheimilin Dalbraut 12 í Reykjavík, vistheimilinu að Kleifarveg 15 í Reykjavík, vistheimilið Víðihlíð 9 og 11 í Reykjavík, heimilið að Auðkúlu 1 í Húnaþingi og vistheimilið að Njörvasundi 2 í Reykjavík. Úrskurðarnefnd um sanngirnibætur er því ekki bær til að taka framangreint mál til meðferðar og er erindinu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Þann 16. desember 2015 var lögum nr. 47/2010 breytt með lögum nr. 117/2015 þannig að ráðherra þeim sem fer með yfirstjórn og framkvæmd laganna var veitt heimild til þess að ákveða, að fenginni umsögn Vistheimilanefndar, að aðrar skýrslur en skýrslur nefndarinnar yrðu lagðar til grundvallar því að krafa um sanngirnibætur væri tekin til meðferðar. Eftir því sem best verður vitað hafa ekki verið gerðar skýrslur um heimilin sem krafa málsaðila lýtur að.

Með vísan til framangreinds er erindi þitt framsent dómsmálaráðherra í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. meðfylgjandi afrit bréfs.

Virðingarfyllst,


Þorbjörg I. Jónsdóttir, formaður

Afrit sent:

Gísli Tryggvason hdl.